

Mál nr. 38/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs

Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Sveitarfélag.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 23. janúar 2024, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 20. febrúar 2024, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 4. mars 2024.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 11. mars 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 3. janúar 2024 um kl. 9.30 hafi M verið að aka bifreið sinni í Fjarðargötu, Hafnarfirði. Hafi hægra framdekk bifreiðarinnar hvelsprungið við að lenda ofan í stórri holu á götunni. Hafði M strax samband við sveitarfélagið X og var tjáð að það væri meðvitað um umrædda holu og var M bent á að leita til V með kröfu vegna tjónsins. V hefur hafnað bótaskyldu með vísan til þess að tjón á bifreið M verði ekki rakið til skaðabótaskyldrar háttsemi starfsmanna X. Þeir hafi framkvæmt viðgerð á holunni, sem þó hafi ekki dugað til þegar á reyndi. M er ekki sáttur við afstöðu V og vísar til 43. gr. vegalaga nr. 80/2007 sem kveður á skyldu veghaldara til að bregðast fljótt við eftir að hann hefur fengið vitneskju um skemmdir á vegi. Óumdeild sé að starfsmenn X vissu af holunni og þeirri hættu sem stafaði af tilvist hennar á fjölfarinni umferðargötu bæjarins. Hafi X borið að tryggja að holan væri tryggilega viðgerð, eða í það minnsta merkt með áberandi hætti svo komast hefði mátt hjá tjóni eftir bestu getu.

Í svarbréfi V til nefndarinnar kemur fram að X ber ekki hlutlæga ábyrgð á tjóni sem hlýst á vegum sveitarfélagsins. Umrædd holla hafi myndast þann 22. desember 2022. Hafi starfsmenn X brugðist strax við þann dag og settu viðgerðarmalbik í holuna. Sökum veðurfars og því mikla álagi sem er á götunni var þörf á að setja viðgerðarmalbik aftur í holuna þann 2. janúar 2024. Sú viðgerð dugði skammt vegna slæms veðurfars og leysinga. Hefðu starfsmenn X ekki mátt vita að viðgerðarmalbikið hefði skolast úr holunni á einungis einum sólarhring. Eftir að tilkynningar bárust frá M, var farið á staðinn og fyllt aftur í holuna með viðgerðarmalbiki og svo var þann 4. janúar komið fyrir viðvörunarskilti við holuna. Varanleg viðgerð var framkvæmd 5. janúar 2024. Telur V ósannað að tjónið sé tilkomið vegna sagnæmrar háttsemi eða annarra atvika sem X getur borið skaðabótaábyrgð á.

Í viðbótarathugasemdum sínum vísar M til þess að X hafi verið í lófa lagið að merkja og setja viðvaranir við holuna, sér í lagi þar sem vitneskja lá fyrir um ástand hennar og fyrri tilraunir til viðgerðar höfðu ekki borið árangur. Einnig var hægt að framkvæma varanlega viðgerð á holunni eftir tilkynningu nr. 2 um tilvist holunnar.

Í viðbótarathugasemdum V er málalögbúnaði M hafnað og ítrekað að aðstæður höfðu verið og voru verulega slæmar til þess að framkvæma varanlega viðgerð á holunni þegar tjónið átti sér stað. Það hafði verið mikill klaki og leysingar.

Álit.

Samkvæmt 43. gr. vegalaga nr. 80/2007 ber veghaldari ábyrgð á því að vegi, sem opinn er almenningi til frjálsrar umferðar, sé við haldið með eðlilegum hætti miðað við þá umferð sem um veginn fer. Enn fremur skal veghaldari svo fljótt sem við verður komið eftir að hann hefur fengið vitneskju um skemmdir á vegi, sem hættulegar eru umferð, láta gera við þær eða merkja hina hættulegu staði þar til viðgerð hefur farið fram og skulu merkingar vera í samræmi við ákvæði umferðarlaga. Þá segir í 56. gr. laganna að veghaldari vegar sem opinn er almenningi til frjálsrar umferðar beri ábyrgð á tjóni sem hlýst af slysi á veginum þegar tjónið er að rekja til gálæysis veghaldara við veghaldið og sannað er að vegfarandi hafi sýnt af sér eðlilega varkárni. Þegar tjón verður getur sá sem verður fyrir tjóni sótt skaðabætur skv. ofangreindri bótareglu en skv. almennum sönnunarreglum verður sá hinn sami að

sýna fram á að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu fyrir hendi. Í þessu tilviki felst það í því að það þurfa að koma fram sönnunargögn um að viðhaldi og/eða merkingu vegar hafi verið ábótavant. Í gögnum málsins liggja ekki fyrir upplýsingar um að önnur tjón hafi orðið á sama vegkafla á sama tíma né að starfsmenn X hafi sýnt af sér saknæma háttsemi með því að framkvæma viðgerðir með viðgerðarmalbiki í stað varanlegrar viðgerðar. Þá hefur ekki verið sýnt fram á að starfsmönnum X hafi verið kunnugt eða mátt vera kunnugt um að viðgerð sem framkvæmd var þann 2. janúar 2024, myndi ekki duga nema einn sólarhring. Með vísan til þess verður talið að M verði að bera hallan af sönnunarskorti um ófullnægjandi viðhald eða merkingu veghaldara. Þannig verður ekki fallist á kröfu M til greiðslu bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 23. apríl 2024.
rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson

Heiða Óskarsdóttir